

Rannsóknir & greining hefur um árabíl stundað rannsóknir á högum og líðan ungmenna og unnið náði með menntamálaráðuneytinu að framkvæmd rannsókna *Ungt fólk*. Rannsóknirnar hafa verið gerðar meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum landsins. Menntamálaráðuneytið, Háskólinn í Reykjavík og Rannsóknir & greining, skrifuðu nýverið undir samstarfssamning um framhald þessara rannsókna til ársloka 2010. Á vormánuðum ársins 2005 varð Rannsóknir & greining að rannsóknarsetri innan nýstofnaðrar Kennslufræði- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík.

Í dag verða kynntar megin niðurstöður rannsóknarinnar *Ungt fólk* sem lögð var fyrir meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla á Íslandi vorið 2006 og unnin er að beiðni menntamálaráðuneytisins. Skýrsla sem unnin hefur verið úr rannsókninni ber heitið *Ungt fólk 2006 – Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*.


Í skýrslunni er sjónum beint að ungmennum í 9. og 10. bekk og eru ítarlegar upplýsingar um hagi og lífshætti þeirra settar fram með margvíslegum hætti. Helsta áhersla er lögð á upplýsingar um samband nemenda við foreldra og vini, viðhorf nemenda til náms og skóla, upplýsingar um vinnu með námi, íþróttaiðkun og heilsufar, ásamt upplýsingum um tómstundir og frístundastarf. Leitast er við að skýra tengsl ýmissa þátta í lífi ungs fólks og sýna fram á hvaða þættir hafa jákvæð og neikvæð áhrif í lífi ungmenna. Helstu niðurstöður eru:

- Samband við foreldra hefur mikil áhrif á velferð ungmenna. Stuðningur, eftirlit og sá tími sem foreldrar eyða með börnum sínum eru þar lykilatriði.
- Áhrif jafningjahópsins eru sterk í lífi ungmenna. Unglingar sem eiga vini sem gengur vel í námi eru líklegri en aðrir unglíngar til að ganga vel í námi einnig. Að sama skapi eru unglíngar sem stunda íþróttir líklegir til að eignast vini sem gera það einnig. Hins vegar er áhættuhegðun eins og reykingar og áfengisneysla einnig hegðun sem mótast í jafningjahópnum. Þannig eru sterk tengsl á milli reykinga og áfengisnotkunar unglínga og jafningja þeirra.
- Skuldbinding við nám og námsárangur jafningja hafa sterk tengsl við námsárangur meðal unglínga. Flestir unglíngar telja líklegt að þeir afli sér meiri menntunar að loknum 10. bekknum og mun fleiri sjá fyrir sér að þeir sækji háskólanám síðar á lífsleiðinni en áður fyrr.
- Skipulagt tómstundastarf í formi íþróttar, tónlistarnáms eða annars konar félagsstarfs hefur jákvæð áhrif í lífi unglínga. Unglíngum sem taka þátt í slíku starfi líður alla jafnan betur en öðrum unglíngum, þeir eru líklegri en aðrir til að sýna góðan námsárangur en ólíklegri til að nota vímuefni og stunda partíllífsstíl.


Niðurstöður rannsóknarinnar eru í samræmi við fyrri niðurstöður Rannsókna & greiningar.

Alls tóku 7430 nemendur í 9. og 10. bekk þátt í rannsókninni, sem er um 80,1% allra nemenda í þessum aldurshópum á Íslandi.


## Dæmi um niðurstöður




Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem hafa orðið ölvuð á sl. 30 dögum eftir því hve oft þeir eru með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum.



Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja það auka virðingu í vinahópi sínum mikið eða nokkuð að standa sig vel í námi eftir námsárangri þeirra.



Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem segja fullyrðinguna "ég er hamingjusamur/hamingjusöm" lýsa sér mjög vel eftir því hve oft þau stunda íþróttir og/eða líkamsrækt.



Hlutfall stráka og stelpna í 9. og 10. bekk sem reykja daglega eftir því hve oft þau taka þátt í skipulögðu félags- og/eða tómstundastarfi.